

Ed.

95. Frumvarp

til laga um sérstakt læknishérað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. gr.

Ólafsfjörður í Eyjafjarðarsýslu skal vera sérstakt læknishérað.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júní 1933.

Á s t æ ð u r

fyrir frv. þessu felast í eftirfarandi bréfi hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps:

„Ólafsfirði, 26. jan. 1932.

Hér með skorar hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu, fyrir hönd allra hreppsbúa á hið háa Alþingi Íslands, sem saman á að koma 15. febr.

þ. á., að Ólafsfjörður verði gerður að sérstöku og sjálfstæðu læknishéraði, með föstum launum, frá 1. júní 1933. Þá er útrunnið tímabil það, sem núverandi læknir hér er ráðinn til.

Eins og háttv. Alþingi er kunnugt, hefir mál þetta áður verið til umræðu á háttv. Alþingi, síðast árið 1928, og urðu þá þau úrslit málsins, að hið háttv. Alþingi veitti styrk til læknishalds hér í Ólafsfirði, að upphæð kr. 2600, gegn 1600 króna framlagi frá hreppsþúum sjálfum. Vegna knýjandi nauðsynjar á að hafa lækni búsettan hér á staðnum, þar sem oft að vetrarlagi er ómögulegt að nálgast lækni annarsstaðar frá, hvorki á sjó né landi, þó um lífsnauðsyn sé að ræða, neyddust hreppsþúar til að taka þessu tilboði og leggja á sig þennan mikla skatt, til þess að verða aðnjótandi læknis, réðu því hingað lækni á þessum grundvelli til 5 ára, og er sá tími útrunninn 1. júní 1933.

Væntum vér því fastlega, að hið háttv. Alþingi sjái sanngirni og nauðsyn í að sinna þessari kröfu vorri, þar sem um jafnmikið nauðsynja- og velferðarmál er að ræða fyrir þessa sveit, sem sést meðal annars á því, hve hreppsþúar hafa mikið á sig lagt fram yfir allar aðrar sveitir landsins, til þess að hafa lækni búsettan hér á staðnum, enda teljum vér ríkissjóði skylt að leggja nokkuð fram til Ólafsfjarðarhrepps, því tekjur ríkissjóðs hér úr hreppi munu fullkomlega jafngilda tekjum úr öðrum sveitum landsins, þó stærri séu.

Útfluttar sjávar- og landafurðir frá Ólafsfirði hafa numið á síðastliðnum árum rúmri 1 milljón króna á ári. Fólksfjöldi í hreppnum er 740 manns, og miklu fleira meðan á vertíð stendur, svo tilfelli koma mörg, sem nauðsynlegt er að hafa lækni við hendina.

Í fullu trausti felum vér fulltrúum þjóðar vorrar mál þetta til meðferðar og væntum góðs árangurs.

F. h. hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps.

Þorsteinn Þorsteinsson, oddviti.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík“.

Nánari grein verður gerð fyrir frumvarpinu í framsögu.